



Könnun á mati skólastjóra á könnunum
Skólapúlsins ehf.

2015/21

*Könnun á mati skólastjóra á könnunum Skólapúlsins ehf.
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2015/21
Forsíðumyndin er tekin á lokakeppni Skrekks árið 2012, hæfileikakeppni grunnskóla
Hag- og upplýsingasvið
Borgartúni 30
Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Valgerður Ágústsdóttir*

Inngangur

Í desember 2011 gerði Samband íslenskra sveitarfélaga samning við Skólapúlsinn ehf. um framkvæmd og úrvinnslu Skólavogar til fimm ára. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og Skólavogarinnar. Þátttaka í Skólavog felur ekki í sér sjálfstæðar viðhorfakannanir þar sem niðurstöður úr Skólapúlsinum nýtast inn í Skólavogina. Skólapúlsinn býður upp á nemendakönnun, starfsmannakönnun og foreldrakönnun. Samningsaðilar telja samnýtingu niðurstaðna mikinn kost þar sem hún kemur í veg fyrir tvíverknað og aukið álag á skólastarf. Á þessu ári verða 3 ár síðan samningar tókust. Með þessari könnun er ætlunin að kortleggja mat skólastjóra á þeim könnunum sem Skólapúlsinn ehf. býður upp á, í þeim tilgangi að gera enn betur og sníða af mögulega vankanta.

Könnunin var send út fimmtudaginn 19. júní 2014 á skólastjóra þeirra 124 grunnskóla sem þátt taka í Skólapúlsinum í tölvupósti. Alls svöruðu 72 grunnskólar könnuninni sem merkir að svarhlutfallið var 58%. Þá höfðu skólastjórnendur tveggja skóla samband sem treystu sér ekki til að svara könnuninni þar sem reynsla þeirra væri enn of lítil en annar nýtti sér bara eina könnun síðasta vetur.

Helstu niðurstöður

Upplýsingar bárust frá 72 þátttökuskólum sem merkir að svarhlutfallið var 58%.

Skólarnir voru spurðir um fjölda nemenda og er dreifing þeirra nokkuð jöfn eftir stærð skóla, þó eru fæstir þeirra með 551 nemanda eða fleiri.

Langalgengast er að niðurstöður nemendakannana séu nýttar a.m.k. einu sinni og þá helst að þær séu teknar til umræðu í skólaráði, með kennurum, foreldrum og nýttar við sjálfsmat.

Algengt er að niðurstöður starfsmannakannana séu nýttar a.m.k. einu sinni og þá helst að þær séu teknar til umræðu með kennurum og nýttar við sjálfsmat. Það kemur vart á óvart að um 58% skóla segjast aldrei taka þær til umræðu með nemendum og tæplega helmingur tekur þær aldrei til umræðu með foreldrum.

Þá er algengast að niðurstöður foreldrakannana séu nýttar a.m.k. einu sinni og þá helst við sjálfsmat skóla eða teknar til umræðu með kennurum. Um helmingur skóla tekur þessar niðurstöður aldrei til umræðu með nemendum og um 45% setja þær aldrei á heimasíðu skólans.

Skólarnir voru beðnir að taka afstöðu til þeirrar fullyrðingar að þátttakan í könnuninni krefjist of mikils af starfsfólki skólans. Svörin voru misjöfn eftir tegund könnunar, en þó var 78% skóla ósammála fullyrðingunni vegna nemendakönnunar, og ríflega helmingur vegna starfsmannakönnunar og þriðjungur tók ekki afstöðu. Tæplega helmingur skóla var ósammála fullyrðingunni vegna foreldrakönnunar og um 38% tóku ekki afstöðu.

Almennt telja grunnskólarnir alla spurningaflokka nemendakönnunar vera mikilvæga eða mjög mikilvæga og þá helst spurningar um vellíðan og um einelti. Spurningar um hreyfingu og mataræði eru ekki metnar eins mikilvægar.

Öllum skólum þykja spurningar um starfsanda og starfsánægju í starfsmannakönnun mikilvægar eða mjög mikilvægar og þá um stjórnun og upplýsingastreymi. Spurningar um starfsaðstöðu þykja ekki eins mikilvægar.

Öllum grunnskólum finnst spurningar í nemendakönnun um ánægju með nám og kennslu, samskipti starfsfólks við foreldra, líðan nemenda í skólanum og um einelti vera mikilvægar eða mjög mikilvægar. Um 10% skóla þykja spurningar um mötuneyti lítt mikilvægar.

Ríflega $\frac{2}{3}$ grunnskóla telja það góða hugmynd að geta valið ákveðna spurningaflokka í stað þess að leggja starfsmanna- eða foreldrakönnun fyrir í heild sinni. Um 57% telja góða hugmynd að geta gert slíkt hið sama með nemendakönnunir.

Um 71% skóla finnst frekar eða mjög einfalt að skilja/túlka niðurstöður nemendakönnunar en 17% finnst það frekar eða mjög flókið. Um $\frac{2}{3}$ skóla finnst frekar eða mjög einfalt að túlka/skilja niðurstöður starfsmanna- og foreldrakönnunar.

Ríflega helmingur hefur nýtt sér ráðgjöf frá Skólapúlsinum vegna nemendakönnunar og þar af um 23% sem hafa gert það 2–3 sinnum. Þeir sem hafa nýtt sér ráðgjöf vegna nemendakönnunar eru sammála um að hún hafi verið frekar eða mjög gagnleg.

98% skólanna þátttökuskólanna segja niðurstöður nemendakönnunar skipti þá frekar miklu eða mjög miklu máli. Af þeim segja heil 74% að þær skipti mjög miklu máli. Um 83% skólanna telja niðurstöður foreldrakönnunar skipta frekar miklu eða mjög máli og 80% segja það sama um niðurstöður starfsmannakönnunar.

Heil 93% grunnskóla segja niðurstöður kannana Skólapúlsins nýtast frekar mikið eða mjög mikið í skólastarfi þeirra.

Staðsetning og stærð grunnskóla

Spurt var um staðsetningu grunnskólans sem og stærð hans.


Tafla 1. Hvar er grunnskólinn staðsettur?

Staðsetning grunnskóla	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
Reykjavíkurborg	16	23%
Nágrenni Reykjavíkurborgar	8	11%
Norðvesturkjördæmi	11	15%
Norðausturkjördæmi	20	28%
Suðurkjördæmi	16	23%
Alls	71	100%

Skýring: Spurning nr. 1.

Þessari spurningu svaraði 71 grunnskóli en einn sleppti að svara. Flestir skólanna eru staðsettir í Norðausturkjördæmi en fæstir í nágrenni Reykjavíkurborgar.

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting á staðsetningu grunnskóla



Mynd 1 sýnir hlutfallslega skiptingu á staðsetningu grunnskólanna sem þátt tóku í könnuninni. Einungis 11% eru staðsettir í nágrenni Reykjavíkurborgar en 28% í Norðausturkjördæmi.


Tafla 2. Hve margir nemendur eru í grunnskólanum?

Stærð grunnskóla	Fjöldi sveitarfélaga	% skipting
1 – 100	17	24%
101 – 250	16	22%
251 – 400	17	24%
401 – 550	18	25%
551 eða fleiri	4	6%
Alls	72	100%

Skýring: Spurning nr. 2

Allir skólarnir svöruðu spurningunni. Fjöldi skóla eftir stærð er nokkuð jafn en þó eru fæstir skólar með 551 nemendur eða fleiri.

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting grunnskóla eftir fjölda nemenda



Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu þátttökuskóla eftir fjölda nemenda. Fjórðungur þeirra er með 401–550 nemendur og tæplega fjórðungur er annars vegar með 1–100 nemendur og hins vegar 251–400 nemendur.

Nýting niðurstaðna úr könnunum

Spurt var um hvernig niðurstöður væru nýttar úr könnunum Skólapúlsins. Spurt var um hverja könnun fyrir sig, þ.e. nemendakönnun, starfsmannakönnun og foreldrakönnun. Svarmöguleikar vísa í tíðni á hverju skólaári.


Tafla 3. Hvað af eftirfarandi er gert við niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins ehf.?

	Aldrei	A.m.k. einu sinni	Mánaðarlega	Viku--lega	Oft í viku	Veit ekki	Á ekki við	Fjöldi svara
Notaðar í sjálfsmati skólans	2	48	19	0	0	0	2	71
Teknar til umræðu með nemendum skólans	20	46	3	0	0	1	2	72
Teknar til umræðu með öllum kennurum skólans	2	55	13	0	0	0	2	72
Teknar til umræðu með kennurum á þeim stigum sem spurt er um	6	53	7	0	0	0	5	71
Teknar til umræðu í skólaráði	6	61	1	0	0	1	3	72
Teknar til umræðu með aðilum utan skólans (stuðningsaðilar, frístundastarfsfólk)	32	32	1	0	0	1	4	70
Kynntar fyrir foreldrum	20	50	0	0	0	0	2	72
Kynntar fyrir skólanefnd	26	36	1	0	0	4	3	70
Birtar á heimasíðu skólans	30	32	4	0	1	0	3	70

Skýring: Spurning nr. 3. Svarmöguleikar vísa í tíðni á hverju skólaári.

Spurningin er samsett af níu liðum og þeim svöruðu ýmist 70–72 grunnskólar. Heilt yfir er algengast að niðurstöður nemendakönnunar séu nýttar a.m.k. einu sinni og þá helst þannig að þær séu teknar til umræðu í skólaráði og með öllum kennurum skólans.

Mynd 3. Hlutfallsleg skipting á úrvinnslu niðurstaðna úr nemendakönnun



Langalgengast er að niðurstöður nemendakönnunar séu nýttar a.m.k. einu sinni. Þannig eru þær í 85% tilvika teknar a.m.k. einu sinni til umræðu í skólaráði. Um 46% skóla svara því til að niðurstöðurnar séu aldrei teknar til umræðu með aðilum utan skólans og er þá átt við stuðningsaðila og/eða frístundastarfsfólk, og 43% segjast aldrei birta þessar niðurstöður á heimasíðu skólans. Ríflega $\frac{2}{3}$ skóla segjast nýta þær við sjálfsmat skólans og að auki segja 27% að þær séu nýttar mánaðarlega í þeim tilgangi.


Tafla 4. Hvað af eftirfarandi er gert við niðurstöður úr [starfsmannakönnun Skólapúlsins ehf.](#)?

	Aldrei	A.m.k. einu sinni	Mánaðarlega	Viku--lega	Oft í viku	Veit ekki	Á ekki við	Fjöldi svara
Notaðar í sjálfsmati skólans	3	39	6	0	0	0	18	66
Teknar til umræðu með nemendum skólans	38	6	0	0	0	1	21	66
Teknar til umræðu með öllum kennurum skólans	4	41	3	0	0	0	18	66
Teknar til umræðu með kennurum á þeim stigum sem spurt er um	10	33	0	0	0	0	21	64
Teknar til umræðu í skólaráði	9	36	0	0	0	1	20	66
Teknar til umræðu með aðilum utan skólans (stuðningsaðilar, frístundastarfsfólk)	24	20	0	0	0	1	21	66
Kynntar fyrir foreldrum	31	15	0	0	0	0	20	66
Kynntar fyrir skólanefnd	23	18	0	0	0	3	20	64
Birtar á heimasíðu skólans	29	15	0	0	1	1	19	65

Skýring: Spurning nr. 4. Svarmöguleikar vísa í tíðni á hverju skólaári.

Spurningin er samsett af níu liðum og þeim svöruðu ýmist 64 eða 66 grunnskólar. Heilt yfir er algengast að niðurstöður nemendakönnunar séu nýttar þannig að þær séu teknar til umræðu með öllum kennurum skólans, nýttar í sjálfsmat skólans eða teknar til umræðu í skólaráði. Í öllum þeim tilvikum er algengast að þær séu nýttar þannig a.m.k. einu sinni.

Mynd 4. Hlutfallsleg skipting á úrvinnslu niðurstaðna úr starfsmannakönnun



Í 62% tilvika eru niðurstöður starfsmannakönnunar teknar til umræðu með öllum kennurum skólans a.m.k. einu sinni og í 59% tilvika notaðar við sjálfsmat skólans. Þær eru sjaldnast kynntar fyrir nemendum, foreldrum eða birtar á heimasíðu skólans.


Tafla 5. Hvað af eftirfarandi er gert við niðurstöður úr foreldrakönnun Skólaláups ehf.?

	Aldrei	A.m.k. einu sinni	Mánaðarlega	Viku--lega	Oft í viku	Veit ekki	Á ekki við	Fjöldi svara
Notaðar í sjálfsmati skólans	2	42	4	0	0	0	16	64
Teknar til umræðu með nemendum skólans	32	11	0	0	0	2	19	64
Teknar til umræðu með öllum kennurum skólans	5	39	4	0	0	0	16	64
Teknar til umræðu með kennurum á þeim stigum sem spurt er um	10	36	0	0	0	1	17	64
Teknar til umræðu í skólaráði	24	19	0	0	0	2	19	64
Teknar til umræðu með aðilum utan skólans (stuðningsaðilar, frístundastarfsfólk)	14	32	2	0	0	0	16	64
Kynntar fyrir foreldrum	19	23	0	0	0	3	19	64
Kynntar fyrir skólanefnd	22	23	1	0	1	0	16	63
Birtar á heimasíðu skólans	29	15	0	0	1	1	19	65

Skýring: Spurning nr. 5. Svarmöguleikar vísa í tíðni á hverju skólaári.

Spurningin er samansett af níu liðum og þeim svöruðu ymist 63–65 grunnskólar. Algengast er að niðurstöður foreldrakönnunar séu nýttar a.m.k. einu sinni og þá helst við sjálfsmat skóla eða þær teknar til umræðu með kennurum skólans. Óalgengt er að þær séu teknar til umræðu með nemendum skólans eða birtar á heimasíðu skólans.

Mynd 5. Hlutfallsleg skipting á úrvinnslu niðurstaðna úr foreldrakönnun



Algengast er að niðurstöður foreldrakönnanna séu nýttar a.m.k. einu sinni og 66% skóla nýta þær við sjálfsmat skóla og 61% taka þær til umræðu með öllum kennurum skólans. Í helmingi tilvika eru niðurstöður foreldrakönnanna aldrei teknar til umræðu með nemendum skólans og í 45% tilvika eru þær ekki birtar á heimasíðu skólans og í þriðjungu tilvika eru þær aldrei kynntar fyrir skólanefnd.

Framkvæmd og fyrirkomulag kannana

Skólarnir voru beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um framkvæmd og fyrirkomulag hversrar könnunar fyrir sig. Að auki var kallað eftir ábendingum eða athugasemdum um þátttöku og framkvæmd kannananna.


Tafla 6. Hér fyrir neðan eru nokkrar fullyrðingar um framkvæmd og fyrirkomulag nemendakannana Skólapúlsins sem þú ert beðin(n) um að taka afstöðu til

	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Fjöldi svara
Þátttaka veldur miklu umróti á skólastarfið daginn sem hún er lögð fyrir	5	14	49	68
Þátttaka krefst of mikils af starfsfólki skólans	2	13	52	67

Skýring: Spurning nr. 6.

Þessari spurningu svöruðu 67–68 grunnskólar. Meirihluti þeirra er ósammála þeirri fullyrðingu að þátttakan valdi miklu umróti á skólastarfið daginn sem nemendakönnun er lögð fyrir. Einnig er meirihluti ósammála þeirri fullyrðingu að það að taka þátt í nemendakönnun krefjist of mikils af starfsfólki skólans.

Mynd 6. Hlutfallsleg skipting svara eftir afstöðu grunnskóla til fullyrðinga um framkvæmd og fyrirkomulag nemendakannana



Yfir 70% grunnskóla eru ósammála þeim fullyrðingum að þátttaka í nemendakönnun valdi of miklu umróti á skólastarfið þann dag sem hún er lögð fyrir eða krefjist of mikils af starfsfólki

skólans. Um það bil fimmtungur þeirra taka ekki afstöðu til fullyrðinganna og einungis 7% grunnskóla eru sammála því að þátttaka í nemendakönnun valdi of miklu umróti á skólstarfið og 3% eru sammála því að þátttaka í nemendakönnun krefjist of mikils af starfsfólkinu.

Tíu ábendingar bárust frá grunnskólum um þátttöku og framkvæmd nemendakönnunar.

Ábendingar grunnskóla um þátttöku og framkvæmd nemendakönnunar.

- Ath. svarmöguleikar eiga ekki alltaf við. Vantar að hafa möguleikann "á ekki við".
- Minnst 2x á vetri og mest 4x.
- Minn skóli hefur einungis einu sinni tekið þátt og þá einu sinni yfir vetrartímann og mér finnst það vera nægjanlegt.
- Það er óþarfi að leggja sömu könnun fyrir sama barn oftar en einu sinni á ári.
- Gekk vel, gott að leggja könnunina fyrir tvisvar á vetri. Þægilegt í framkvæmd.
- Einfalda spurningarnar.
- Starfsmaður skólaskrifstofu sér um að nemendur taki könnunina.
- Það væri mjög gagnlegt að hafa hljóðskrá eða talgerfil þar sem nemendur sem ekki eru vel læsir geti hlustað á textann og svarað án aðstoðar. Eins og þetta er núna þá les maður fyrir nemandann og snýr sér svo undan eða situr andspænis honum. Sumir þessara nemenda hafa mjög neikvætt viðhorf til kannana því þeir eru ekki sjálfbjarga eins og hinir.
- Spurning um að hafa könnunina einu sinn á ári þar sem sumir nemendur geta lent tvisvar í úrtaki.
- Það er komin þreyta hjá elstu nemendum sem eru búin að taka könnunina tvisvar á ári í nokkur ár.


Tafla 7 Hér fyrir neðan eru nokkrar fullyrðingar um framkvæmd og fyrirkomulag starfsmannakannana Skólapúlsins sem þú ert beðin(n) um að taka afstöðu til

	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Fjöldi svara
Það krefst mikillar umsýslu af hálfu skólans að taka þátt	2	19	35	56
Þátttaka krefst of mikils af starfsfólki skólans	5	18	29	52

Skýring: Spurning nr. 7.

Þessari spurningu svöruðu 52–56 grunnskólar. Meirihluti þeirra er ósammála þeirri fullyrðingu að það krefjist mikillar umsýslu af hálfu skólans að taka þátt í starfsmannakönnun. Einnig er meirihluti ósammála þeirri fullyrðingu að þátttakan krefjist of mikils af starfsfólki skólans.

Mynd 7. Hlutfallsleg skipting svara eftir afstöðu grunnskóla til fullyrðinga um framkvæmd og fyrirkomulag starfsmannakannana



Liðlega þriðjungur grunnskóla tekur ekki afstöðu til þessara tveggja fullyrðinga. Ríflega helmingur er ósammála því að þátttaka í starfsmannakönnun krefjist of mikils af starfsfólki skólans og tæplega $\frac{2}{3}$ eru ósammála því að þátttakan krefjist of mikillar umsýslu af hálfu skólans.

Fjórtán ábendingar bárust frá grunnskólum um þátttöku og framkvæmd starfsmannakönnunar.

Ábendingar grunnskóla um þátttöku og framkvæmd starfsmannakönnunar.

- Ath. svarmöguleikar eiga ekki alltaf við. Vantar að hafa möguleikann "á ekki við".
- Nægjanlegt að leggja hana fyrir annað hvert ár.
- Allavega 2x yfir veturinn t.d. fyrir og eftir áramót.
- Fyrir minn skóla finns mér annað hvert ár vera nægjanlegt.
- Starfsmannakönnunin er of löng.
- Vorum ekki með starfsmannakönnun.
- Ytra mat og var fylgt eftir af starfsm. Skólaskrifstofu.
- Mat starfsmanna er að könnunin sé of löng og flókin.
- Starfsfólk kvartaði undan því hve löng könnunin væri og miklar óþarfa áhyggjur vöknudu um nákvæmni upplýsinga sem fólk þurfti að gefa upp, s.s. kyn og aldur (t.d. eru ekki margir karlmenn hér 20-30 ára). Fólk hafði áhyggjur af því að við stjórnendur gætum rakið upplýsingar. Gott væri að skýra þetta betur fyrir þátttakendum.
- Starfsmannakönnunin er ansi ítarleg og sumum spurningum er erfitt að svara. Spurning hvort að safna þarf öllum þessum upplýsingum árlega, eða hvort að hægt væri að vera með styttri starfsmannakönnun með kjarnaupplýsingum sem taka mætti t.d. annað hvert ár.
- Þegar spurt er um vinnufyrirkomulag t.d. um prósentuhlutfall varðandi skiptingu vinnutímans eða eðli starfsins finnst kennurum ekki auðvelt að greina á milli hinna ýmsu þátta.
- Ég býst við að í mínum skóla verði starfsmannakönnun lögð fyrir annað hvert ár.
- Annað hvert ár.
- Könnunin er allt of löng - mikið kvartað yfir því og einnig að hægt er að rekja svör til einstakra starfsmanna.


Tafla 8. Hér fyrir neðan eru nokkrar fullyrðingar um framkvæmd og fyrirkomulag foreldrakannana Skólapúlsins sem þú ert beðin(n) um að taka afstöðu til

	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Fjöldi svara
Það krefst mikillar umsýslu af hálfu skólans að taka þátt	18	13	26	57
Foreldrar hafa kvartað mikið yfir umfangi	10	21	25	56

Skýring: Spurning nr. 8.

Spurningunni svöruðu 56–57 grunnskólar. Af þeim eru 26 skólar ósammála því að það krefjist mikillar umsýslu af hálfu skólans að taka þátt í foreldrakönnun en 18 eru sammála fullyrðingunni. Tæplega helmingur skólanna er ósammála því að foreldrar hafi kvartað mikið yfir umfangi foreldrakönnunar en tíu grunnskólar eru sammála fullyrðingunni.

Mynd 8. Hlutfallsleg skipting svara eftir afstöðu grunnskóla til fullyrðinga um framkvæmd og fyrirkomulag starfsmannakannana



Tæplega helmingur er ósammála fullyrðingunum tveimur en um þriðjungur er sammála því að það krefjist of mikillar umsýslu af hálfu skólans að leggja fyrir foreldrakönnun. Um 38% grunnskóla taka ekki afstöðu til þeirrar fullyrðingar að foreldrar hafi kvartað mikið yfir umfangi en tæplega fimmtungur er sammála þeirri fullyrðingu.

Fimmtán ábendingar bárust frá grunnskólum um þátttöku og framkvæmd foreldrakönnunar.

Ábendingar grunnskóla um þátttöku og framkvæmd foreldrakönnunar.

- Ath. svarmöguleikar eiga ekki alltaf við. Vantar að hafa möguleikann "á ekki við".
- Færri spurningar.
- Nægjanlegt að leggja hana fyrir annað hvert ár.
- Allavega 2x yfir veturinn t.d. fyrir og eftir áramót.
- Gott væri að hafa möguleika á því að lofa foreldrum að gera könnunina í skólanum meðfram foreldraviðtölum.
- Foreldrakönnunin er of löng og því erfitt að fá foreldra til þátttöku.
- Vorum ekki með foreldrakönnun í ár.
- Of margar spurningar og flókið orðalag og utan þekkingarsviðs foreldra.
- Mat foreldra er að könnunin sé of löng og flókin.
- Þar koma fram gagnlegar upplýsingar sem við nýtum okkur. Mjög erfitt að ná 80% þátttöku.
- Foreldrakönnunin er of ítarleg. Það er verið að spyrja um allt í einu. Einnig ákveðinn galli á því að skipta könnun milli foreldra. Hjá okkur varð það þannig að of margir feður svörðu ekki sínum hluta könnunarinnar. Einnig er frekar lýjandi að hringja út og ítreka að fólk svari könnuninni. Við notuðum samt sem áður mest tölvupóst til að ýta á fólk.
- Mikil vinna fer í að ýta á eftir foreldrum.
- Ég býst við að við munum taka foreldrakönnunina annað hvert ár.
- Þriðja hvert ár.
- Nóg að gera þessa könnun þriðja hvert ár.

Innihald kannana

Grunnskólar sem taka þátt í Skólapúlsinum voru spurðir um mikilvægi spurningaflokka í hverri könnun fyrir sig og hvort nýttur hafi verið möguleiki til þess að bæta við spurningum inn í kannanir. Að auki var kallað eftir afstöðu til þeirrar hugmyndar að hægt sé að velja ákveðna spurningaflokka eða kafla úr hverri könnun til fyriragnar í stað þess að leggja fyrir könnunina í heild sinni.


Tafla 9. Hér á eftir er spurt um mikilvægi spurningaflokka í [nemendakönnun Skólapúlsins ehf.](#) Vinsamlega merkið við á kvarðanum hve mikilvægur eða ekki mikilvægur hver spurningaflokkur er fyrir þinn skóla.

	Mjög mikilvægur	Mikilvægur	Lítt mikilvægur	Ekki mikilvægur	Fjöldi svara
Spurningar um ánægju og áhuga á námsgreinum	41	22	3	1	67
Spurningar um trú á eigin getu, vinnubrögð og þrautseigju í námi	47	20	0	0	67
Spurningar um einelti	50	15	1	1	67
Spurningar um hreyfingu og mataræði	30	33	4	0	67
Spurningar um vellíðan	57	10	0	0	67
Spurningar um sjálfsálit og stjórn á eigin lífi	46	21	0	0	67
Spurningar um aga, heimavinnu og virka þátttöku í tímum	41	23	3	0	67
Spurningar um samband nemenda við kennara	49	17	1	0	67
Spurningar um samsömun við nemendahópinn	44	21	2	0	67

Skýring: Spurning nr. 9.

Spurningunni svöruðu 67 grunnskólar. Flestir grunnskólar eða 57 telja spurningar um vellíðan mjög mikilvægar og þá spurningar um einelti. Langflestir skólar telja alla spurningaflokkana vera mikilvæga eða mjög mikilvæga.

Mynd 9. Hlutfallsleg skipting svara um mikilvægi spurningaflokka í nemendakönnun



Mynd 9 sýnir hlutfallslega skiptingu grunnskóla um mikilvægi spurningaflokka í nemendakönnun. Almennt telja skólarnir alla spurningaflokkana mikilvæga eða mjög mikilvæga. Öllum grunnskólum finnst spurningaflokkar um vellíðan, sjálfsálit og stjórn á eigin lífi og um trú á eigin getu og vinnubrögðum vera mikilvægir eða mjög mikilvægir.


Tafla 10. Hér á eftir er spurt um mikilvægi spurningaflokka í starfsmannakönnun Skólapúlsins ehf. Vinsamlega merkið við á kvarðanum hve mikilvægur eða ekki mikilvægur hver spurningaflokkur er fyrir þinn skóla.

	Mjög mikilvægur	Mikilvægur	Lítt mikilvægur	Ekki mikilvægur	Fjöldi svara
Spurningar um starfsanda og starfsánægju	46	7	0	0	53
Spurningar um stjórnun og upplýsingastreymi	42	11	0	0	53
Spurningar um starfsaðstöðu	22	28	3	0	53
Spurningar um viðhorf kennara til starfsins og eigin getu	35	18	0	0	53
Spurningar um kennsluhætti/skipulag kennslu	36	15	2	0	53
Spurningar um stuðning við nemendur	35	17	0	1	53
Spurningar um skólaþróun og umbætur	31	19	3	0	53
Spurningar um mat og endurgjöf	31	20	2	0	53
Spurningar um símenntun	21	23	6	0	50

Skýring: Spurning nr. 10.

Um 53 skólar svöruðu þessari spurningu. Almennt þykir flestum grunnskólum allir spurningaflokkarnir vera mikilvægir eða mjög mikilvægir. Þó segja sex að spurningar um símenntun sé lítt mikilvæg.

Mynd 10. Hlutfallsleg skipting svara um mikilvægi spurningaflokka í starfsmannakönnun



Öllum grunnskólum finnst spurningar um starfsanda og starfsánægju mikilvægar eða mjög mikilvægar og þar af telja 87% skóla þann spurningaflokk mjög mikilvægur. Öllum grunnskólum finnst spurningar um stjórnun og upplýsingastreymi mikilvægar og þar af telja 79% þann flokk spurninga mjög mikilvægan. Grunnskólarnir eru líka sammála um að spurningar um viðhorf kennara til starfsins og eigin getu séu mikilvægar og þar af telja 66% sem telja þann flokk mjög mikilvægan. Allir spurningaflokkarnir eru heilt yfir álitnir mikilvægir eða mjög mikilvægir en þó telja 12% skóla að spurningar um símenntun séu lítt mikilvægar.


Tafla 11. Hér á eftir er spurt um mikilvægi spurningaflokka í foreldrakönnun Skólapúlsins ehf. Vinsamlega merkið við á kvarðanum hve mikilvægur eða ekki mikilvægur hver spurningaflokkur er fyrir þinn skóla.

	Mjög mikilvægur	Mikilvægur	Lítt mikilvægur	Ekki mikilvægur	Fjöldi svara
Spurningar um ánægju með nám og kennslu almennt	41	11	0	0	52
Spurningar um stjórnun og stefnu skólans	39	13	0	0	52
Spurningar um samskipti foreldra og starfsfólks	44	8	0	0	52
Spurningar um líðan nemenda í skólanum	44	8	0	0	52
Spurningar um einelti og úrvinnslu eineltismála	41	11	0	0	52
Spurningar um aðstöðu í skólanum	25	23	4	0	52
Spurningar um mötuneyti	21	25	5	1	52
Spurningar um sérkennslu	31	20	0	1	52
Spurningar um foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun	30	21	0	0	51
Spurningar um stuðning foreldra við nám barna	32	17	2	0	51
Heimastuðningur	26	21	3	0	50

Skýring: Spurning nr. 11.

Þessari spurningu svöruðu 50–52 grunnskólar. Flestum þykja allir spurningaflokkar mikilvægir eða mjög mikilvægir. Flestir eða 44 telja að spurningar um samskipti foreldra og starfsfólks og um líðan nemenda í skólanum séu mjög mikilvægar. Fimm telja spurningar um mötuneyti lítt mikilvægar og fjórir grunnskólar telja spurningar um aðstöðu í skólanum lítt mikilvægar.

Mynd 11. Hlutfallsleg skipting svara um mikilvægi spurningaflokka í foreldrakönnun



Öllum grunnskólum þykja spurningar um ánægju með nám og kennslu, stjórnun og stefnu skólans, samskipti foreldra og starfsfólks, líðan nemenda í skólanum, einelti og úrvinnslu og spurningar um foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun mikilvægar eða mjög mikilvægar. 10% skóla telja spurningar um mötuneyti lítt mikilvægar og 8% telja spurningar um aðstöðu í skólanum lítt mikilvægar.


Tafla 12. Hefur þú nýtt þér þann möguleika í Skólapúlsinum að bæta við spurningum inn í viðhorfakannanir?

	Já	Nei	Fjöldi svara
Nemendakönnun	10	56	66
Foreldrakönnun	10	47	57
Starfsmannakönnun	5	51	56

Skýring: Spurning nr. 12.

Spurningu nr. 12 svöruðu ýmist 56, 57 eða 66 skólar eftir því hvaða könnun spurt var um. Stór meirihluti hefur ekki nýtt sér þann möguleika að bæta við spurningum inn í viðhorfakannanir Skólapúlsins.

Mynd 12. Hlutfallsleg skipting svara um viðbótarspurningar inn í kannanir



Almennt nýtir lítill minnihluti skólanna sér þann möguleika að bæta við spurningum inn í viðhorfakannanir Skólapúlsins. Þeir nýta sér möguleikann síst í starfsmannakönnun en einungis 9% hafa nýtt sér þann möguleika í slíkri könnun. Um 15% skóla hafa nýtt sér viðbótarspurningar í nemendakönnun og 18% í foreldrakönnun.


Tafla 13. Hversu gagnlegt eða ógagnlegt er að hafa möguleikann á að bæta við eigin spurningum við könnun Skólapúlsins?

	Mjög gagnlegt	Frekar gagnlegt	Lítt gagnlegt	Á ekki við	Fjöldi svara
Nemendakönnun	31	25	2	7	65
Starfsmannakönnun	21	22	2	14	59
Foreldrakönnun	21	23	2	13	59

Skýring: Spurning nr. 13.

Spurningu nr. 13 svöruðu ýmist 59 eða 65 skólar eftir því hvaða könnun spurt var um. Mikill meirihluti telur það frekar eða mjög gagnlegt að hafa möguleikann á að bæta við eigin spurningum við kannanir Skólapúlsins. Einungis tveir skólar telja það lítt gagnlegt. Miðað við hversu fáir grunnskólar nýta sér möguleikann í reynd er athyglisvert að sjá hversu gagnlegt þeim þykir að hafa möguleikann fyrir hendi.

Mynd 13. Hlutfallsleg skipting svara um gagnsemi þess að geta bætt við viðbótarspurningum



Einungis 3% skólanna telja það lítt gagnlegt að geta bætt eigin spurningum við kannanir Skólapúlsins. Nærri helming skólanna þykir mjög gagnlegt að geta bætt við eigin spurningum í nemendakönnun og ríflega þriðjungur þykir mjög gagnlegt að geta það í starfsmanna- og foreldrakönnun.


Tafla 14. Hvað finnst þér um þá hugmynd að hægt sé að velja ákveðna spurningaflokka eða kafla úr hverri könnun til fyrirlagnar í stað þess að leggja viðkomandi könnun fyrir í heild sinni?

	Góð hugmynd	Ekki viss	Ekki góð hugmynd	Fjöldi svara
Nemendakönnun	38	18	11	67
Starfsmannakönnun	41	14	6	61
Foreldrakönnun	41	14	6	61

Skýring: Spurning nr. 14.

Spurningu vegna hugmynda um spurningaval var svarað af 61 skóla vegna starfsmanna- og foreldrakönnunar en 67 skólar svöruðu vegna nemendakönnunar. Meirihluta skólanna þykir það góð hugmynd ef hægt væri að velja ákveðna spurningaflokka eða kafla úr hverri könnun í stað þess að leggja hana fyrir í heild sinni.

Mynd 14. Hlutfallsleg skipting svara um að velja spurningaflokka



Ríflega $\frac{2}{3}$ grunnskóla telja það góða hugmynd að geta valið ákveðna spurningaflokka í stað þess að leggja starfsmanna- eða foreldrakönnun fyrir í heild sinni. Um 57% telja góða hugmynd að geta gert slíkt hið sama með nemendakannanir. Talsverður hópur er ekki viss, þannig segjast 27% ekki viss hvort slíkt væri góð hugmynd vegna nemendakannana og 23% vegna hinna tveggja kannananna. Um 16% telja slíkt ekki góða hugmynd vegna nemendakannana.

Úrvinnsla vegna kannana

Þá voru skólarnir spurðir hvort þeir litu til niðurstaðna sinna í samanburði við aðra og hvort þeim þætti einfalt eða flókið að skilja eða túlka niðurstöður kannana Skólapúlsins. Einnig var spurt út í nýtingu ganga í skýrslur eða kynningar. Að lokum var spurt út í ráðgjöf þá sem Skólapúlsinn veitir og hversu gagnleg sú ráðgjöf hafi verið.


Tafla 15. Hversu mikið eða lítið horfir þú á niðurstöðu skólans í samanburði við aðra skóla?

	Mjög mikið	Frekar mikið	Hvorki né	Frekar lítið	Mjög lítið	Á ekki við	Fjöldi svara
Nemendakönnun	28	26	4	6	2	0	66
Starfsmannakönnun	24	13	6	6	1	9	59
Foreldrakönnun	24	15	7	5	1	7	59

Skýring: Spurning nr. 15.

Spurt er fyrir hverja könnun fyrir sig og 59 grunnskólar svara vegna starfsmanna- og foreldrakönnunar en 66 vegna nemendakönnunar. Meirihluti skólanna horfir frekar mikið eða mjög mikið á niðurstöður sínar í samanburði við aðra skóla.

Mynd 15. Hlutfallsleg skipting svara um samanburð við niðurstöður annarra skóla



Ríflega 40% þátttökuskólanna skoða niðurstöður sínar mjög mikið í samanburði við aðra skóla vegna allra kannananna þriggja. Um 80% skólanna segjast skoða niðurstöður sínar vegna nemendakönnunar frekar mikið eða mjög mikið í samanburði við aðra skóla.


Tafla 16. Finnst þér einfalt/flókið að skilja eða túlka niðurstöður sem þú færð úr könnunum Skólapúlsins ehf.?

	Mjög einfalt	Frekar einfalt	Hvorki né	Frekar flókið	Mjög flókið	Á ekki við	Fjöldi svara
Nemendakönnun	17	30	8	9	2	0	66
Starfsmannakönnun	16	23	5	5	2	8	59
Foreldrakönnun	16	24	5	6	2	6	59

Skýring: Spurning nr. 16.

Spurt er fyrir hverja könnun fyrir sig og 59 grunnskólar svara vegna starfsmanna- og foreldrakönnunar en 66 vegna nemendakönnunar. Meirihluta skólanna þykir frekar eða mjög einfalt að skilja eða túlka niðurstöður allra kannana Skólapúlsins. Þó segja 11 skólar það vera frekar eða mjög flókið að skilja eða túlka niðurstöður nemendakönnunar.

Mynd 16. Hlutfallsleg skipting svara um túlkun og skilning á niðurstöðum kannana



Um 71% skóla finnst frekar eða mjög einfalt að skilja/túlka niðurstöður nemendakönnunar en 17% finnst það frekar eða mjög flókið. Um $\frac{2}{3}$ skóla finnst frekar eða mjög einfalt að túlka/skilja niðurstöður starfsmanna- og foreldrakönnunar.


Tafla 17. Finnst þér einfalt eða flókið að vinna áfram með gögn úr Skólapúlsinum, svo sem nota þau í skýrslur eða kynningar?

	Mjög einfalt	Frekar einfalt	Hvorki né	Frekar flókið	Mjög flókið	Á ekki við	Fjöldi svara
Nemendakönnun	12	25	14	9	5	1	66
Starfsmannakönnun	11	20	12	4	4	7	58
Foreldrakönnun	10	21	12	4	4	5	56

Skýring: Spurning nr. 17.

Spurningunni svöruðu ýmist 56, 58 eða 66 skólar eftir um hvaða könnun ræðir. Á meðan 37 skólum finnst frekar eða mjög einfalt að vinna áfram með gögn úr nemendakönnun þá segja 14 skólar það vera frekar eða mjög flókið.

Mynd 17. Hlutfallsleg skipting svara um að nýta gögn áfram í skýrslur eða kynningar



Ríflega fimmtungi skóla þykir frekar flókið eða mjög flókið að vinna áfram með gögn úr nemendakönnun í skýrslur eða kynningar, en ríflega helmingi þykir það frekar eða mjög einfalt.


Tafla 18. Hefur þú nýtt þér ráðgjöf frá Skólapúlsinum við að nýta eða skilja niðurstöðurnar eða kynna þær?

	Aldrei	Einu sinni	2-3 sinnum	Oftar	Á ekki við	Fjöldi svara
Nemendakönnun	29	18	15	2	1	65
Starfsmannakönnun	34	8	7	1	9	59
Foreldrakönnun	36	6	8	2	7	59

Skýring: Spurning nr. 18.

Spurningunni svöruðu 59 grunnskólar vegna starfsmanna- og foreldrakannana en 65 vegna nemendakannana. Algengara er að skólar nýti sér ráðgjöf Skólapúlsins vegna nemendakönnunar en vegna hinna tveggja.

Mynd 18. Hlutfallsleg skipting svara hvort ráðgjöf Skólapúlsins hafi verið nýtt



Ríflega helmingur hefur nýtt sér ráðgjöf frá Skólapúlsinum vegna nemendakönnunar og þar af um 23% sem hafa gert það 2–3 sinnum. Nokkuð lægra hlutfall eða tæplega þriðjungur hefur nýtt sér ráðgjöf vegna starfsmannakönnunar eða foreldrakönnunar.


Tafla 19. Hversu gagnleg var sú ráðgjöf eða aðstoð sem þú fékkst frá Skólapúlsinum ehf.?

	Mjög gagnleg	Frekar gagnleg	Lítt gagnleg	Á ekki við	Fjöldi svara
Nemendakönnun	22	13	0	28	63
Starfsmannakönnun	9	6	0	40	55
Foreldrakönnun	9	5	0	40	54

Skýring: Spurning nr. 19

Þá voru skólarnir spurðir um gagnsemi þeirrar ráðgjafar sem fengin var hjá Skólapúlsinum. Allir grunnskólarnir telja ráðgjöfina frekar eða mjög gagnlega. Enginn telur hana lítt gagnlega.

Mynd 19. Hlutfallsleg skipting svara vegna gagnsemi ráðgjafar Skólapúlsins



Enginn skóli merkir við þann svarkost að ráðgjöfin hafi verið lítt gagnleg. Ríflega helmingur eða 56% segja ráðgjöf vegna nemendakönnunar hafa verið frekar eða mjög gagnlega, þar af telja 35% hana hafa verið mjög gagnlega.


Tafla 20. Hversu oft hefur þú nýtt þér ráðgjöf frá sveitarfélaginu við að nýta niðurstöðurnar eða kynna þær?

	Aldrei	Einu sinni	2-3 sinnum	Oftar	Á ekki við	Fjöldi svara
Nemendakönnun	53	6	2	0	4	65
Starfsmannakönnun	45	4	1	0	9	59
Foreldrakönnun	46	4	1	0	8	59

Skýring: Spurning nr. 20.

